

BÓKMENNTIR

Bók og byggð

Eliás Mar: Man eg þig löngum. Saga. Helgafell 1949.

Ad opna nýja bók er eeins og að gista nýja sveit: maður veit ekkert hvað í vándum er. Ef til vill verður maður, fyrir hverjum vonbrigðunum á fatur öðrum, við nánari kynningu, ef til vill fellu manni mikil gleði í skaut á þessum stað. Jafnt í bók og byggð veltur mest á fólkinu.

Fyrsti maðurinn, sem á vegi okkar verður í þessari sögu, heitir Halldór Óskar Magnússon, piltur að vestan, nýkominn til Reykjavíkur, á leið í skóla. Og hann er jafnframt aðalpersóna sögunnar. Það verður lítið úr skólalögungu hans, honum leiðast námsbækurnar, fellur á prófinu um vorið, fer síðan í vinnu í Víkinni, en það eru stopular vinnugættir í lund hans, og að lokum er hann barinn burtu. Hann hverfur okkur þar sjónum sem hann reikar út úr bænum kvöld eitt, er kristnibókasali nokkur hefur gerzt nærgöngull við hann — og stefnir austur á heiðar. Mörgum atriðum í þessari frásögn þykir mér lýst á sannfærandi hátt og skáldlega visu. En hverjar eru nú orsakirnar fyrir þessum hrakningum drengsins? Hvernig eru örlogsímu hans undin saman?

Sagan heitir: Man eg þig löngum, og er ljóðlína úr gamalli þjóð- og ástávisu. Snemma vetrar í skólanum ímyndar pilturinn sér að hann sé ástfanginn. En hann er ekki sá maður, sem leitast við að fullnægja þrá sinni. Það verður aldrei neitt úr neinu. Ég veit ekki heldur, hvort það er alvara hjá höfundinum eða grín í Gissuri, skólalögungu Halldórs, er hann segir þeim ástfangna að Helga endurgjaldi ást hans. Að minnsta kosti leggur Halldór lítið upp úr því. Undir lokin sýnast þau bæði á hinni þryðilegustu leið að fara í hundana. Bæði nafnið á bókinni, tekið úr visu sem Halldór minnst mjög oft, og margir aðrir hlutir í sögunni benda til þeirrar ætlunar höfundarins að hin ógæfusama ást söguhetjunnar skuli vera bölvaldur hennar. En á þessu er einn galli — og að mínu viti jafnframt höfundgalli sögunnar svo fremi að ástir Halldórs sé þungamiðja hennar, eins og mér skilst: Halldór Óskar Magnússon fór ekki í hundana út úr ástamálinum sínum. Hann er í hundunum þegar frá upphafi. Ég veit ekki séð að ást (?) hans á Helgu

breyti honum að neinu verulegu leyti, hvorki til né frá. Við hittum hann fyrst heima hjá Emilíu gömlu, þar sem hann ætlar að leigja. Er gamla konan hefur sýnt honum herbergið þar sem hann á að búa, sezt hann niður og situr þar hreyfingarlaus í heila fjóra tíma og á þó hafurtask sitt ósött á afgreiðsluna. Og helzta áhugamál hans daginn eftir er að sjá „hvernig þessi merkilega stórborg endar“. Og í stað þess að spyrja hvar skólalögungu sé niðurkomið spyr hann hvar



bær Ingólfs Arnarsonar hafi staðið. — Var furða þótt hann félli um vorið! Hann tréði því einnig fyrir löngu að hann væri öðru vísi en aðrir menn. „Sú trú er arfur hans að heiman.“ Þannig sé ég ekki betur en orsakanna að öföllum hans sé að leita fyrir framan byrjun umræddrar sögu. En engu að síður er mörgum atriðum í ófarsögunni sjálfri lýst af skáldlegum næmleik og innsýn, einkum eftir að komið er svo aftarlega í söguna að skýringin gæti verið fyrir framan(!), persónan Halldór Óskar Magnússon er í sjálfri sér einkar trúleg persóna.

En merkilegasta og frumlegasta persónan, sem við hittum hér fyrir, er Bóas Hjörleifsson, kryplingurinn, „spekingurinn.“ Hann er andlegur forsjármaður Halldórs — og kornabarn móður sinnar. Raunar fer varla hjá því að lesandi sögunnar sé minna uppnæmur fyrir speki Bóasar en hetja sögunnar. En Bóas er snillingur í því að haga ræðu sinni eins og Halldóri hent ar bezt — og mæla þó ekki um hug sér. Og þarf ekki að lýsa því hve vel Halldóri fellur í geð heimspeki Bóasar um ágæti hinnar óvirku, athafnalausar þrár — og uppþætur hennar á æðri tilverustigum. En Bóas deyr, og upp frá því litur Halldór ekki inn til móður hans, þótt hann hafi borðað þar allan

veturinn, og dvalizt þar öllum stundum. Það er einn bezt vitnisburðurinn um listræna kunnáttu höfundar, er hann gerir þessa grimmd meinleysingjans bæði sennilega og eðlilega jafnvel óhjákvæmilega.

Fyrir dauða Bóasar hefur Halldór Óskar kynnt öðrum manni annarrar tegundar, Ómari Dúasyni. Hann er víðreistur og glæsilegur heimsmaður — og skáld. Með þeim tekst góð vinátta, sem lýkur þó skyndilega, enda hefur Ómar jafnan dregið í efa að hann væri maður til að vera trúnaðarvinur Halldórs. Og áhrif Ómars eru miklu minni en Bóasar, enda er Ómar dauflitari persóna. Okkur er sagt hann sé heimsmaður og skáld, en hvorugs gætir verulega í tali hans eða athöfn.

Matmóðir Halldórs, Jónheiður, og húsmóðir hans, Emilía, koma enn við sögu. Eru báðar vel gerðar, og þó betur hin síðarnefnda sem er flóknari persóna og fjöllitari. Snjallt er það t. d. er hún útvegur leigutaka sínum portkonuna Dísu frænku sína til að þrifa herbergi hans, fyrst og fremst í þeim tilgangi að hún eigi þar „eðlilegt“ hæli með lagsmönnum sínum þegar leigjandinn er úti við. Yfirleitt eru persónulýsingarnar heilsteypar, en séu persónurnar ekki nema í meðallagi skýrar, þá er skýringin sú að þær auðkennast ekki af stórum verkum. Það gerist lítið í sögunni, og eykur það ekki lítið á tragískan blá hennar, þótt merkilegt kunni að virðast.

Málið á bókinni er mjúkt og þýtt — og á að vera það. En meiri reisin mætti að ósekju vera á því með köflum. Hér er t. d. setning sem ætti að vera rishærri: „Honum þykir það stríða á móti öllu velsæmandi og æskilegu að steinþegja.“ Orðin sem ég hef auðkennt hér mynda mjög kraftlítið orðasamband. Þá kann ég ekki við þessa setningu: „Ekki linnir Bóas á speki.“ Ein setning enn: „Bókina gleymir hann að setja niður í skúffuna.“ Orðaröð af þessu tagi bregður víða fyrir. Mér virðist hún ekki vel íslenskuleg, og stafi hún af vangá einni samant þá spillir engu að hafa minnst á hana. Hins vegar getur vel verið að þetta sé stíllbragð, og má þá vera að ákveðn um árangri verði náð með æfingunni. — Samtölin eru einkar eðlileg. Hins vegar finnst mér höf. fullsónarsamur á ávörp-in „vinur minn“, „Emilía mín“, o. s. frv. Ef við bregðum enn fyrir okkur líkingunni um sveitina, má líklega segja að málslagjan sé lítið eitt toppótt. En jarðvegurinn er heilárliga unn-

Vögguvísa

á Einmánuði 1949

Frá Íslandi mér ungri stal uniform að vestan.
Harma sinna hefna skal þó heiman berir léttan mal — svikinn um föður — sonur minn að westan.

Næðir um þig á róttunum napur gustur vestan, barnið unga í bragganum bragga úti í holtunum, byggðum handa hermönnum að westan.

Eg er ættuð ofan úr sveit, er úr Dölum vestan. Afar þínir í þeim reit aldrei vildu þiggja af sveit. Nú manum við eftir Marshallbrauði að westan.

Þó að ill séu örlög mín, átt þú hlutinn verstan. Gráttu þó ekki gullin þín en gleðstu meðan sólin skín. Bráðum koma bomburnar að westan.

Síðan ekki söguna meir sonurinn minn að vestan. „Einn og tveir og einn og tveir.“ Innan stundar sitja þeir erfisdrykkju Íslands fyrir westan.

— — B.

Auk þess er skammt líðið á það að höfundurinn væri bæði ungur maður og ungur rithöfundur. Ef að líkum lætur er árskáldskapar hans og lífs að mestu ógengið. Það hefur allajafna verið vinsæl iðja að spá um tíðarfar og veðráttu. En valt er þeim spádómum að treysta. Jafnvel öruggustu hinfinteikn geta brugðizt. Eg ætla því ekki að spá neinu um tíðina í skáldbyggð Eliásar Marar. En það leggst einhvern veginn í mig að sumarið verði gott.

B. B.

Tvær nýjar bækur

Sögur og kvæði Gests Páls sonar eru nýlega komin á markaðinn í nýrri útgáfu. Er mér hermt að hér séu öll skáldverk þessa höfundar samankominn. Hvað sem um kvæðin verður sagt, eru sögur hans ungar þann dag í dag. Leiftur gefur bókina út, og er útgáfan tvennt í senn: vönduð og ódýr. Þeir unnenndur góðra bókmennta, sem ekki eiga Gest, ættu ekki að láta þessa bók fara framhá sér.

Þá hefur Helgafell gefið út 100 kvæði eftir Stein Steinarr, safn úr fyrri kvæðabókum hans. Snorri Hjartarson hefur valið kvæðin, og virðist það val hafa tekizt afar vel. Eftir lestur þessa safns virðist mér Steinn væri líðið á vorið. Eg átti við inn. Og frjósamur að eðlisfari?

B. B.

Kaupið bókina í bókabúð
Máls og menningar